



**74. fundur Umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings
haldinn í fjarfundi, mánudaginn 23. janúar 2023
og hófst hann kl. 08:30**

Fundinn sátu:

Jónína Brynjólfsdóttir formaður, Þórhallur Borgarson varaformaður, Björgvin Stefán Pétursson aðalmaður, Ásdís Hafrún Benediktsdóttir aðalmaður, Eiður Gísli Guðmundsson aðalmaður, Þórunn Hrund Óladóttir varamaður, Hulda Sigurdís Þráinsdóttir varamaður, Hannes Karl Hilmarsson áheyrnarfulltrúi, Hugrún Hjálmarsdóttir framkvæmda- og umhverfismálastjóri og Sóley Valdimarsdóttir ritari.

Fundargerð ritaði: Sóley Valdimarsdóttir, ritari á umhverfis- og framkvæmdarsviði

Áheyrnarfulltrúi M-lista (HKH) sat fundinn undir liðum nr. 1-7.

Dagskrá:

1. 202111134 - Málefni hafna í Múlaþingi 2022

Hafnastjóri og staðgengill hafnastjóra fara yfir helstu verkefni á sviði hafnamála. Jafnframt liggur fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði staðfesting á fjárveitingum til sjóvarna á Seyðisfirði 2023.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir af hálfu sveitarfélagsins að farið verði í umræddar framkvæmdir við sjóvarnir á Seyðisfirði á yfirstandandi ári og að gert sé ráð fyrir hlutdeild sveitarfélagsins í framkvæmdakostnaði í samþykkttri fjárhagsáætlun hafna Múlaþings.

Samþykkt samhljóða.

Gestir

Björn Ingimarsson - 08:30

Gauti Jóhannesson - 08:30

2. 202202072 - Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands 2022

Fundargerð frá 448. fundi Hafnasambands Íslands lögð fram til kynningar.

3. 202209242 - Málefni Slökkviliðs Múlaþings

Slökkviliðsstjóri Múlaþings fer yfir helstu verkefni.

Uppgjörsskýrsla eldvarnareftirlits 2022 lögð fram til kynningar.

Gestir

Haraldur Geir Eðvaldsson - 09:20



- 4. 202209131 - Staða verkefna á umhverfis- og framkvæmdasviði**
Þjónustufulltrúi á byggingasviði fer yfir stöðu byggingamála í Múlapingi.

Gestir

Eggert Már Sigtryggsson - 09:35

- 5. 202204208 - Samþykkt um umgengni og þrífnað utanhúss í Múlapingi**

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggja drög að sameiginlegri samþykkt sveitarfélaga á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Austurlands um umgengni og þrífnað utan húss.

Verkefnisstjóri umhverfismála situr fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að sameiginlegri samþykkt um umgengni og þrífnað utan húss og vísar þeim til umfjöllunar hjá sveitarstjórn í samræmi við 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Samþykkt samhljóða.

Gestir

Margrét Ólöf Sveinsdóttir - 09:55

- 6. 202210141 - Húsnæðisáætlun Múlapings, endurskoðun fyrir 2023**

Máli frestað til næsta fundar.

- 7. 202210075 - Útboð Aðalskipulag Múlapings**

Drög að almennum útboðsskilmálum og verklýsing fyrirhugaðs útboðs vegna vinnu við gerð Aðalskipulags Múlapings lögð fram til kynningar.

Málið er í vinnslu.

- 8. 202012052 - Ofanflóðavarnir undir Bjólfi á Seyðisfirði**

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur frumhönnun á tillögu að viðbótum við þær ofanflóðavarnir sem unnið er að undir Bjólfinum á Seyðisfirði. Tillagan felur í sér að byggja 7-9 keilur ofan við nýja húsbýlastæðið og munu þær draga verulega úr krafti þeirra flóða sem komið gætu niður á Ölduna. Fyrir ráðinu liggur að taka afstöðu til umræddra tillagna og óska eftir því að Ofanflóðasjóður komi þeim í áframhaldandi hönnun og framkvæmd. Skipulagsfulltrúi situr fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að fela framkvæmda- og umhverfismálastjóra að óska eftir því við Ofanflóðasjóð að haldið verði áfram með frekari hönnun fyrirbyggjandi tillaga og þeim komið í framkvæmd í kjölfarið.

Samþykkt samhljóða.



Gestir

Sigurður Jónsson - 10:55

9. 202301174 - Aðalskipulagsbreyting, Egilsstaðir, miðbær

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur sameiginleg skipulagslýsing og vinnslutillaga fyrir breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, dagsett 19. janúar 2023.

Skipulagsfulltrúi situr fundinn undir þessum lið.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að fyrirbyggjandi skipulagslýsing og vinnslutillaga verði kynnt í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt samhljóða.

Gestir

Sigurður Jónsson - 11:10

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:10

